



Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun: 21. ágúst — 25. maí

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – Sunnudaga	kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

September 2017

Fjallferðir og réttir 2017

Grímsnes

Farið verður á fjall í Grímsnesi
föstudaginn 8. september

Réttað verður í Kringlumýri þriðjudaginn
12. september kl. 10:00

Klausturhólaréttir verða
miðvikudaginn 13. september kl. 10:00

Veðurspá/veður getur haft áhrif á
allar dagsetningarnar

Grafningur

Farið verður á fjall í Grafningi
föstudaginn 15. september

Grafningsréttir verða
mánudaginn 18. september kl. 9:45





FUNDARGERÐ.

415. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 16. ágúst 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

- a) Opnun tilboða í verkið „Ljósleiðaratenging í Grímsnes- og Grafningshreppi“.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. júlí 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. júlí 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerð 137. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 6. júlí 2017.

Mál nr. 20, 21 og 22 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 137. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 6. júlí 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;



Opið;
mánud. - laugard.
09:00 til 20:00
sunnudaga
10:00 -20:00

*Ný brauð og bakkelsi frá
Sindrabakaríi kl: 10:00 alla daga
nema þriðjudaga*



Nýtt !

**rúðupurrkublöð, vélarolía,
frostlögur, ad blue, perur og
öryggi.**

Verið velkomin heitt á könnunni
S: 486-4408



Skiptifatamarkaður

Mánudaginn 11. september verður haldinn skiptifatamarkaður í Kerhólsskóla fyrir öll börn í leik- og grunnskóladeild. Hugmyndin kviknaði síðast liðinn vetur hjá nemendum skólans þegar verið var að ræða neyslu og neysluvenjur. Nánari upplýsingar munu verða sendar foreldrum í tölvupósti og settar á heimasíðu skólans.

Umhverfisnefnd Kerhólsskóla

Tek að mér trjáskurlun á greinum og stofnum allt að 20 cm sverum. Einnig má setja smærri greinarnar með afleggjurum og laufi.

Jóhannes
S. 848-1123



Heilsugæslan Laugarási
Tímá pantanir í síma 482-2770
Lyfjaendurnýjun í síma 432-2020

Mál nr. 20: 1705014 - Sturluholt lnr. 189339: Tilfærsla á lóðum og nafnabreyting: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi þriggja fristundahúsaloða á landi Sturluholts. Í breytingunni felst að lóð sem kallast Sturluholt færist til vesturs og breytist heiti hennar í Fögrubrekku. Tillagan var auglýst 24. maí sl. með athugasemdafresti til 6. júlí. Er tillagan lögð fram með þeirri breytingu á hámarks mænishæð verður 6 m í stað 5,5 m og heiti lóðarinnar Sturluholt breytist í Stekkjardal. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu deiliskipulagsins en getur ekki fallist á nöfn einstakra lóða og leggur til að lóðirnar fái götuheiti. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram með skipulagsráðgjöfum.

Mál nr. 21: 1706011 - Sogsbakki 26: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús.

Lögð fram fyrirspurn eigenda Sogsbakka 26, dags. 21. júní 2017 um hvort fyrirhugað fristundahús á lóðinni megi fara litillega út fyrir byggingarreit, í átt að Þjóðvegi. Með vísun í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga telur Sveitarstjórn að um svo óverulegt frávík frá skipulagi sé að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp og innsýn. Er því ekki gerð athugasemd við að byggingarfulltrúi veiti leyfi fyrir húsinu.

Mál nr. 22: 1706004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-57.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. júní 2017.

3. Þjóðskrá Íslands.

Sveitarstjórn ítrekar áðursent erindi frá 8. mars 2017 þar sem gerð er athugasemd við skráningu einstaklinga „óstaðsettir í hús“, þar sem þeir einstaklingar hafa ekki átt lögheimili í sveitarfélaginu áður.

4. Beiðni Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um umsögn á drögum að breytingum á reglugerð er varða fjármál sveitarfélaga.

Fyrir liggur beiðni Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um umsögn á drögum að breytingum á reglugerð er varða fjármál sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

5. Tölvupóstur frá Jafnréttisstofu vegna landsfundar jafnréttisnefnda.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jafnréttisstofu, dags. 4. ágúst 2017 þar sem sagt er frá landsfundi jafnréttisnefnda þann 15. september n.k. Lagt fram til kynningar.

6. Tölvupóstur frá Víði Reynissyni lögreglufulltrúa almanna- varna þar sem lagt er til að haldnar verði almannavarnavikur í hverju sveitarfélagi á Suðurlandi.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Víði Reynissyni lögreglufulltrúa almanna- varna, dags. 25. júlí 2017 þar sem lagt er til að haldnar verði almannavarnavikur í hverju sveitarfélagi á Suðurlandi. Lagt er til að almannavarnavika Grímsnes- og Grafningshrepps verði 4. til 8. desember 2017. Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi dagsetningu og þátttöku sína.

7. Bréf frá Margréti Hauksdóttur, forstjóra Þjóðskrár Íslands vegna fasteignamats 2018.

Fyrir liggur bréf frá Margréti Hauksdóttur, forstjóra Þjóðskrár Íslands, dagsett 12. júlí 2017 um árlegt endurmat allra fasteigna fyrir árið 2018. Fasteignamat eigna í sveitarfélaginu munu hækka um 17,0% og lóða um 23,3% á árinu 2018. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Tölvupóstur frá Hrafni Jökulssyni vegna söfnunarinnar „Vinátta í verki“ landssöfnun vegna hamfaranna á Grænlandi.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hrafni Jökulssyni, dags. 17. júlí 2017 þar sem óskað er eftir styrk vegna söfnunarinnar „Vinátta í verki“ landssöfnun vegna hamfaranna á Grænlandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 50.000,- til söfnunarinnar.



Hortensíur og kryddjurtir

Nýr opnunartími

Opið alla virka daga frá 10-16

Sími 669-0108.




Saumakompan

Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515



**Tökum að okkur stór og smá verk:
tætingu, jarðvinnu, heyvinnu,
bílaflutninga & fólksflutninga allt að
14 farþega.**



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki IV að Hótel Borealis á Brúarholti.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 24. júlí 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki IV að Hótel Borealis á Brúarholti. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

10. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Silfru restaurant, Ion Hótel á Nesjavöllum.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 10. júlí 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Silfru restaurant, Ion Hótel á Nesjavöllum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

11. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Lambholt 8.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Lambholt 8, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Hestur lóð 126.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Hestur lóð 126, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Ásabraut 42.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Ásabraut 42, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

14. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Skipasund 24.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Skipasund 24, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

15. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Réttarholtsbraut 12.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Réttarholtsbraut 12, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

16. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Kamsbraut 1.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Kamsbraut 1, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

17. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Kiðjaberg 137.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Kiðjaberg 137, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.


18. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Efri- Markarbraut 5.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Efri-Markarbraut 5, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.



TRAUSTI
HESTAMANNAFÉLAG

stofnað 1960



Bestu þakkir frá hestamannafélaginu Trausta

Eftirtaldir aðilar tóku þátt í firmakeppni félagsins á Laugarvatnsvöllum 19. ágúst s.l. og styrktu með því félagsstarfið svo um munar:

Albatros-veitingar Golfskálanum Öndverðanesi, Ágúst Gunnarsson Stærribæ, Aslaug og Hörður í Haga, Ártangi Garðyrkjustöð, Baldvin og Þorvaldur Selfossi, Bensaverk ehf Miðengi, Bifreiðaverkstæðið Klettur Selfossi, Bílaverkstæði Jóns Þórs Laugarv., Bílapjónusta Valbergs Laugarv., Bíldsverk ehf, Björk Grímsnesi, Bláskógabyggð, BYKO Selfossi, Böðmódsstaðir II, Eyvindartunga, Farfuglaheimilið Laugarvatni, Ferðapjónusta Efstadal, Ferðapjónustan Miðdalskoti, Ferðapjónustan Seli, Félagsbúið Efstadal I, Fóðurblandan Selfossi, Friðheimar, Garðyrkjustöðin Brúará, Golfskálinn Kiðjabergi, Grímsnes- og Grafningshreppur, Héraðsskólinn Laugarvatni, Hjalmsstaðir, Hótel Edda ÍKÍ Laugarvatni, Ísaga Hæðarenda, Járntak ehf, Jáverk ehf, Jón Ingileifsson ehf, Jötunn vélar, Karl Guðmundsson úrsmiður, Kerhestar ehf, Klausturhólar Helga, KÞ verktakar, Laugardalshólar, Laugarvatn Fontana, Lífland hf, Miðengishestar, Minni-Borgir, Pálmar K. Sigurjónsson ehf, Pálmatré ehf, Set hf, Sigurður Karl Jónsson verktaki, Stjörnugrís hf, Stofa 16 Eyvík, Stangarlækur I, Stóri-Háls, Suðutak ehf, Tæki og tól ehf, Verslunin Minni-Borg, Vélaleiga Ingólfs ehf Villingavatni, Þóroddsstaðir.

Fyrir hönd stjórnar og Vallamótsnefndar eru þeim færðar innilegar þakkir fyrir frábærar undirtektir og örlæti.

Guðmundur Birkir Þorkelsson, formaður Trausta.

ZUMBA PARTY

Nýtt 10 tíma zumba námskeið að hefjast í Íþróttamiðstöðinni
á Borg í Grímsnesi.

Við ætlum að vera í klukkutíma í senn, tvisvar í viku, á þriðjudögum og
fimmtudögum.

Byrjum þriðjudaginn 12 september nk. kl:17:00.


Verðið er 10.000.- kr. fyrir tíu skipti og þarf að greiðast
í upphafi námskeiðs.

Skráning er hafin á iris@kerholsskoli.is

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest

Zumba-kennara kveðja

Íris Anna og Ísabella Rós.



19. Héraðsdómur Suðurlands, dómur nr. E-3/2017 Bergur Hauks- son gegn Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 14. júlí s.l. í máli nr. E-3/2017, Bergur Hauksson gegn Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem farið er fram á að endurálagning fasteignaskatts á Ásabraut 26 verði felld niður. Niðurstaða dómsins er að Grímsnes- og Grafningshreppur er sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefndi greiði sveitarfélaginu 1.682.680 kr. í málskostnað.

20. Námsgögn fyrir grunnskólanemendur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að námsgögn fyrir grunnskólanemendur verði án endurgjalds.

21. Önnur mál.

a) Opnun tilboða í verkið „Ljósleiðaratenging í Grímsnes- og Grafningshreppi“.

Fyrir liggur minnisblað frá Berki Brynjarssyni, dags. 15. ágúst 2017 um opnun tilboða í ljósleiðaratengingu í Grímsnes- og Grafningshrepp. Opnunin fór fram hjá Ríkiskaupum þann 15. ágúst 2017 og óskað eftir tilboðum í tveimur liðum. Tilboð bárust frá tveimur aðilum í annan liðinn, þ.e. frá Milu ehf. að fjárhæð kr. 85.314.110,- og frá Fjarskiptum hf. að fjárhæð kr. 269.972.190,-. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 150.700.000 kr.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 180. stjórnarfundar 10.08 2017.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 851. stjórnarfundar, 30.06 2017.
- ✓ Skógræktin, ársrit 2016.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ SÍBS blaðið, 2. tbl. 33. árg. 2017.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Hvati, tímarit Íþróttasambands fatlaðra, 1. tbl. 27. árg. 2017.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.45

ATH !

Sundlaugin á Borg verður lokuð
4. - 8. september vegna lagfæringar á stétt við
sundlaugarbakkann.

Björgunafélagið Eyvindur

Söfnunin á sjálfvirkum hjartahnoðara er lokið.

Söfnuninni sem ýtt var úr vör þann 14. maí sl. hefur gengið vonum framar.
Höfum við fest kaup á sjálfvirka hjartahnoðaranum og er hann kominn í okkar
hendur.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og sveitarfélögin fjögur í uppsveitum
Árnessýslu hafa styrkt okkur til kaupanna og sendum við þeim mikið þakklæti
fyrir.

Einnig viljum við þakka fjölskyldu og vinum Magnúsar Óskarssonar í
Hamratungu og Pálmars Þorgeirssonar á Flúðum, sem
gáfu í minningu þeirra.

Samfélagið hefur svo sannarlega staðið vel að baki
þessarar söfnunnar og er ómetanlegt að finna að þegar
þess er þörf leggjast allir á eitt.

Með kæru þakklæti fyrir góðar undirtektir,
meðlimir í Björgunarfélaginu Eyvindi.



Kæru heldriborgarar!

*Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags, þriðjudags, miðvikudags
og fimmtudagsmorgnum*

frá kl. 10:00—12:00.

Frítt inn og kaffi á könnunni !

ATH !



*Vegna viðhalds á dælukerfi hitaveitu Grímsnes
og Grafningsshrepps mun verða heitavatnslaust
frá Vaðnesi að Borg frá morgni 6. september og
fram á kvöld þann 7. september.*

*Húseigendur eru vinsamlegast beðnir um að
gera viðeigandi ráðstafanir á sínum eignum
þessa umræddu daga.*

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

MUNIÐ AÐ SÆKJA UM TÓMSTUNDASTYRKINN

Tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldri / forráðamanni barna á aldrinum 6 - 18 ára styrk vegna íþróttar- og tómstundaiðkunar. Til að unnt sé að nýta tómstundastyrkina þarf að vera um að ræða skipulagt starf sem er stundað undir leiðsögn hjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar og skátastarf.

Tónlistarnám á vegum Tónlistarskóla Árnesinga og líkamsræktarkort falla ekki undir styrkveitingu.

Skilyrði fyrir veitingu tómstundastyrkja

- Að styrkþegi hafi lögheimili á Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 6 - 18 ára.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 10 vikur hverja önn.
- Staðfesting á greiðslu/kvittun fylgi umsókn vegna tómstundastyrkja. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dags. greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingartímabil, nafn og kennitala iðkenda.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/þáttðögugjaldi viðkomandi íþróttar- eða tómstundagreinar.
- Tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/tómstundir.

Styrkur getur orðið allt að 15.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 30.000 kr. á ári.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Grímsnes- og Grafningshreppi 18. september 2014

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



Haustfundur Kvenfélags Grímsneshrepps

**Við boðum til haustfundar
þriðjudagur 12. september
kl. 18.00 í félagsheimilinu Borg.**

Dagskrá:

- Uppgjör Grímsævintýra
- Skipanir í nefndir frá september 2017 til ágústloka 2018
- Starfið í vetur
- Önnur mál

Minum á 1.000 kr. í kaffisjóð kvenfélagsins
Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar, nýjar konur
sérstaklega velkomnar ☺

Stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps





Grímsævintýri 2017

Þökkum ykkur fyrir komuna ☺

Við þökkum ykkur öllum sem mættu á Grímsævintýrin laugardaginn 12. ágúst síðastliðinn.

Veðrið lék við hátíðargesti og ánægjan skein úr andlitum gesta. Við viljum sérstaklega senda þakkir til sveitarfélagsins og starfsmanna þess fyrir aðstoðina og stuðninginn. Einnig þakkir til Tintron manna og Leikfélagsins Borg sem var með leiksýningu sína. Ekki viljum við gleyma kvenfélagskonum og þeirra fjölskyldum sem lögðu hönd á plóg. Á haustfundi félagsins munum við ákvarða hvaða málefni við styrkjum í ár úr tombólusjóðinum góða.

Meðfylgjandi er brot af myndum frá hátíðinni, fleiri myndir má sjá á Facebookarsíðu félagsins.

Sjáumst hress á Grímsævintýrum 11. ágúst 2018
Kvenfélag Grímsneshrepps



TIL SÖLU !

Lítið notuð AEG
uppvottavél
kr. 25.000.

Er á Snæfoksstöðum -
Sirrý 896 2538



Leikfélagið Borg verður með námskeið fyrir 16 ára og eldri 22.-24. september.

Námskeiðið verður haldið á Borg.

Föstudag 22.9 kl: 19.00 - 21.00

Laugardag 23.9 kl: 10.00 - 18.00

Sunnudag 24.9 kl: 12.00 - 18.00



Kennari verður Ine Camille Bjornsten

Allir velkomnir,
vægt gjald fyrir utanfélagsmenn.
Allar nánari upplýsingar og skráning í síma 894-0932



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is



September 2017

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
31. ágúst Laugarvatn 18:00-20:30	1. sept Flúðir 18-21	2. sept Borg 18:00-20:30
7. sept ATH Árnes 18:00-20:30	8. sept Lokað í dag	9. sept Reykholt 18-21
14. sept Laugarvatn 18:00-20:30	15. sept Lokað vegna rétta	16. sept Réttaball Árnesi Opnum um miðnætti
21. sept	22. sept Brautarholt 18:00-20:30	23. sept Reykholt 18-21
28. sept Laugarvatn 18:00-20:30	29. sept Flúðir 18-21	30. sept Borg 18:00-20:30



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is



Október 2017

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
5. okt	6. okt Árnes 18:00-20:30	7. okt Reykholt 18-21
12. okt Laugarvatn 18:00-20:30	13. okt Flúðir 18-21	14. okt Lokað í dag
19. okt	20. okt Brautarholt 18:00-20:30	21. okt Reykholt 18-21
25. okt ATH miðvikudagur Laugarvatn 18:00-20:30	27. nóv Flúðir 18-21	28. okt Borg 18:00-20:30



